

KADECO ÁRSSKÝRSLA 2008





Ársskýrsla 2008:

Ávarp formanns	3
Stjórn	4
Starfsemi ársins	5
Rekstur og afkoma	6
Mannauður	7
Skipulag félagsins	8
Stefnumótun	9
Erlend samskipti	11
Framkvæmda- og sölumál	12
Helstu atburðir ársins á svæðinu	15
Ársreikningur	19
Skýrsla stjórnenda	20
Áritun skoðunarmanns	21
Rekstrarreikningur	22
Efnahagsreikningur	23
Sjóðstreymi	25
Reikningsskilaaðferðir	26
Skýringar	28



Kadeco[®]

Próunarfélag Keflavíkurflugvallar

Kt. 701006-0970

Bygging 946

232 Reykjanesbær



Eftir mikinn hraða og mótun á fyrstu mánuðum í starfsemi Próunarfélags Keflavíkurflugvallar eða KADECO eins og félagið er oft nefnt, róaðist lítilsháttar um á árinu 2008. Fyrir því voru nokkrar ástæður. Segja má að þær stærstu hafi verið að 70% af eignum voru þegar seldar og aðgengi að lánsfé var orðið verra en áður. Í kjölfar þess voru áætlanir endurskoðaðar miðað við breyttar forsendur á mörkuðum auk þess sem stefnumótun var útfærð nánar til þess að tryggja að framtíðaruppbygging svæðisins væri í góðu jafnvægi.

Í kjölfar þess að sölutilboðum tók að fækka endurskoðaði félagið stefnumótun sína með tilliti til þess hvernig best mætti takast á við breyttar aðstæður. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að einbeita sér í auknum mæli að uppbyggingu er varðar nýsköpun og frumkvöðlafyrirtæki. Í kjölfarið var samið við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og fleiri aðila um rekstur á frumkvöðlasetri á svæðinu. Áfram verður unnið að mótun svæðisins sem eins helsta frumkvöðlasvæðis á Íslandi.

Á árinu stóð verkefnið á ákveðnum tímamótum. Frá byrjun þess hefur verið unnið að mörgum þáttum er lúta að fjölþættri uppbyggingu svæðisins sem iðar af lífi og fátt í daglegu lífi er minnir á herstöð, aðeins tveimur árum eftir að formlæg uppbygging hófst. Eftir stefnumótunarvinnu, meðal annars með þátttöku forsvarsmanna sveitarfélaga á svæðinu, var stigið stórt skref í því að beina sjónum frá fortíð svæðisins í átt að framtíð þess. Tími var kominn á að klippa á tengslin við „gömlu varnarstöðina“, „herstöðina“ og fleiri slík heiti er tengdust fortíð svæðisins og leyfa þess í stað nýrri þekkingarmiðstöð að blómstra á eigin forsendum. Svæðið ber í dag heitið Ásbrú – samfélag, frumkvöðla, fræða og atvinnulífs og hefur það hlotið góðar viðtökur og er þegar mikið notað af öllum hagsmunaaðilum.

Eftir ítarlega og vandaða stefnumótunarvinnu var ákveðið að beita kröftum félagsins í að byggja upp og laða að fyrirtæki, félög og einstaklinga á þremur meginviðum: sjálfbærri orkunýtingu, heilsu og samgöngum og flutningum. Félagið vinnur nú, ásamt samstarfsaðilum, að uppbyggingu og nýsköpun á þessum sviðum auk áherslu á menntatengda þætti í gegnum Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.

Þjóðin hefur undanfarið upplifað einhverja mestu átakatíð síðari tíma. Ljóst er að margir glíma við mikla óvissu um stöðu sína og framtíð. Atvinnuleysi á Reykjanesi telst nú það hæsta á landinu og gríðarlegur mannauður mælir göturnar þrátt fyrir mikinn vilja til að skapa og inna verk af hendi.

Á slíkum tímum er því mikilvægara en áður að vel takist til í þróunarverkefnum líkt og þessu. Á Ásbrú er verið að skapa umhverfi tækifæra og úr tækifærum skapast framtíðarstörf þjóðarinnar. Vandamál og viðfangsefni nútímans eru tækifæri framtíðarinnar.

Páll Sigurjónsson
stjórnarformaður



Stjórn Próunarfélags Keflavíkurflugvallar (KADECO) árið 2008 ásamt framkvæmdastjóra.

Aðalstjórn Próunarfélag Keflavíkurflugvallar er skipuð eftirtöldum:



Páll Sigurjónsson
stjórnarformaður



Árni Sigfússon
varaformaður



Reynir Ólafsson
meðstjórnandi

Varastjórn:

Hildur Árnadóttir, Sigurður Valur Ásbjarnarson, Sveindís Valdimarsdóttir

Starfsemi ársins



Séð yfir Ásbrú.
(Ljósmynd: Oddgeir Karlsson)

Rekstur og afkoma

Próunarfélagið fær þóknunartekjur úr ríkissjóði móti útlögðum kostnaði þess við verkefni sem því eru falin í þjónustusamningi við fjármálaráðuneytið. Þóknunartekjur félagsins frá ríkissjóði fyrir árið 2008 voru um 875 milljónir króna. Einnig fær félagið tekjur af lóðarleigu á starfssvæði sínu og útleigu húsnæðis.

Rekstrargjöld án afskrifta og fjármagnsliða námu 937 milljónum króna. Þar af var launakostnaður 61 milljón króna. Starfsmenn voru 6 í árslok 2008.

Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var um 90 milljónir. Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður félagsins 201 milljónir króna. Hagnaður ársins eftir skatta nam 171 milljónum króna.

Heildareignir félagsins voru bókfærðar á 356 milljónir króna. Skuldir félagsins námu 123 milljónum króna. Eigið fé félagsins nam 233 milljónum í lok ársins.



Mannauður

Hjá félaginu starfa, auk framkvæmdastjóra og aðstoðarmanns, umsjónarmaður fasteigna og þrír verkefnastjórar. Af þeim starfar einn á sviði viðskipta- og fasteignapróunar, annar á sviði sölu, reksturs og markaðssetningar auk verkefnastjóra á sviði fjármála. Samtals voru starfmenn félagsins þrjú sex í árslok.



Kjartan Þór Eiríksson
framkvæmdastjóri



Anna Steinunn Jónasdóttir
aðstoðarmaður framkvæmdastjóra



Pálmar Guðmundsson
verkefnastjóri



Jón Ástráður Jónsson
umsjónamaður fasteigna



Óli Örn Eiríksson
verkefnastjóri



Óli Halldór Konráðsson
verkefnastjóri




Skipulag félagsins

Í samræmi við margháttað og víðfemt hlutverk félagsins byggir skipulag þess á verkefnatengdu fyrirkomulagi. Umbreyting auðrar varnarstöðvar, sem að öllu leyti var byggð á amerískum stöðlum, yfir í vaxandi íslenskt samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs, felur í sér ótalmarga þætti sem starfsmenn félagsins þurfa að geta sett sig inn í og unnið úr hratt og vel. Slíkt umhverfi krefst mikils sveigjanleika og ábyrgðar af starfsmönnum sem skýrir það að þrír starfsmenn félagsins utan framkvæmdastjóra eru titlaðir verkefnastjórar.

Félagið hefur leitast við að halda kjarnastýringu verkefna innan félagsins og útvista jafnmiklu og hagkvæmt þykir. Með þessu móti tekst að fá að borðinu hæfustu sérfræðinga í málinu hverju sinni. Á meðal verkefna sem útvistað er má nefna lögfræðipjónustu, verkfræðipjónustu og ráðgjöf vegna markaðs- og þróunarmála.

Próunarfélag Keflavíkurflugvallar - Verkefna- og skipurit



Stefnumótun

Mikil vinna var unnin á árinu vegna stefnumótunar svæðisins.

Sviðsmyndir

Ráðgjafafyrirtækið Netspor vann fyrir Próunarfélagið svokallað sviðsmyndaverkefni í byrjun ársins undir vinnuheitinu „Hvernig verður Reykjanes árið 2020?“. Próunarfélagið kallaði fjöldann allan af aðilum til fundar þar sem hugmyndum er lúta að framtíð svæðisins var kastað fram. Afraksturinn var rit sem tekið var saman um Reykjanes eins og það gæti mögulega litið út árið 2020 samkvæmt þeim sviðsmyndum sem unnið var með. Þessi vinna reyndist gífurlega mikilvæg þegar harðna tók á dalnum um haustið þar sem sviðsmyndavinnan hafði farið sérstaklega yfir mögulega framtíð ef efnahagslífið myndi dala á komandi árum.

Klasaþróun

Í kjölfar sviðsmyndaverkefnis Netspors var ráðist í að skilgreina þá klasa sem mögulegt væri að byggja upp á Reykjanesi. Niðurstaða vinnunnar var sú að jafnvel þó margir klasar kæmu til greina, væru þrír þeirra vænlegastir til árangurs í upphafi. Í ljósi þessa var sú ákvörðun tekin að beina kröftum félagsins að uppbyggingu orku-, heilsu- og samgönguklasa, en bíða með frekari þróun annarra klasa.

Orkuklasi

Unnið var á árinu að þróun orkuklasa á svæðinu í samstarfi við fjölmarga aðila. Búist er við því að niðurstaða þeirrar vinnu verði formlegt klasasamstarf sem muni hefjast árið 2009. Slíkur klasi verður byggður upp á þeim orkufyrirtækjum sem þegar eru staðsett á Reykjanesi en framtíðarsýnin er sú að svæðið verði miðstöð hagnýtingar á þekkingu byggðri á hreinni orku á Íslandi.





Heilsuþorpið Ásbrú

Unnið var að gagnaöflun og hugmyndavinnu á bak við heilsuklasa sem gæti byggst upp á Reykjanesi. Grundvöllur klasans er sú þekking sem þegar er á svæðinu, nálægð við flugvöllinn, sterk vörumerki eins og Bláa Lónið og húsnæði í eigu Próunarfélagsins. Unnið var að stofnun sérstaks félags sem mun vinna að þessari uppbyggingu í samstarfi við fjölda aðila. Árið 2008 voru nokkrar skýrslur unnar í tengslum við þetta verkefni auk þess sem rætt var við fjölmarga aðila um mögulegt samstarf. Fyrstu aðilarnir í heilsuþorpinu hófu starfsemi í byrjun árs 2009.

Markaðsvinna

Á árinu var verkefnið komið að ákveðnum tímamótum. Ekki var lengur hægt að tala um fyrrverandi varnarstöð sem væri draugabær heldur væri hér komið þekkingarsamfélag með fjölda spennandi verkefna innanborðs. Til þess að koma þessum skilaboðum á framfæri var auglýsingastofan Gott Fólk ráðin eftir að könnun á áherslum og hugmyndum helstu auglýsingastofa hafði farið fram. Fyrsta vandamálið sem auglýsingastofan benti á var skortur á auðkenni fyrir staðinn en mörg nöfn hafa verið notuð hvert í kapp við annað til þess að auðkenna svæðið eftir brottför Varnarliðsins. Var því hafin ítarleg nafnavinna í samvinnu við lykilaðila á svæðinu og sveitafélög á Reykjanesi. Eftir langt, ítarlegt og faglegt ferli ákvað stjórn félagsins að nafnið Ásbrú yrði notað til kynningar á þróunarverkefninu sem og svæðinu í heild.

Deiliskipulagsvinna

Próunarfélagið réði, í samvinnu við Háskólavelli, ensku arkitektastofuna Engle til þess að vinna hugmyndir að deiliskipulagi á svæðinu. Var þessi vinna unnin í góðu samstarfi við Reykjanesbæ og síðar notuð við vinnu vegna þess hluta deiliskipulags Reykjanesbæjar sem svæði félagsins tilheyrir. Lokaniðurstaða vinnunnar var kynnt vorið 2009.

Viljayfirlýsing um atvinnuþróun undirrituð

Þann 30.september var undirrituð viljayfirlýsing um samstarfs ríkis og sveitafélaga um atvinnuþróun á nærsvæði Keflavíkurflugvallar. Geir H. Haarde forsætisráðherra, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, Kristján L. Möller samgönguráðherra og fulltrúar sveitarfélaganna fimm á Suðurnesjum, Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga, undirrituðu í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík viljayfirlýsingu um samstarf um atvinnuþróun í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Samstarfið byggir á þeirri sérstöðu sem felst í nálægð alþjóðaflugvallarins. Ráðgjafafyrirtækið Alta var til ráðgjafar um samstarfið.



Erlend samskipti

Fundað á Indlandi

Þann 6. til 12. febrúar fór framkvæmdastjóri Próunarfélagsins sem einstaklingur í viðskiptasendinefnd á vegum Útflutningsráðs til Indlands. Sendinefndin var sett saman í tengslum við heimsókn forseta Íslands hr. Ólafs Ragnars Grímssonar þangað. Ferðin var ætluð fyrir tækjum sem hafa áhuga á viðskiptum við Indverja. Í þessari ferð tóku þátt fyrirtæki í fjármálastarfsemi, upplýsingatækni, ferðaiðnaði, fyrirtæki í orkugeiranum og tengdum atvinnugreinum auk Próunarfélagsins. Anshul Jain, viðskipafulltrúi sendiráðs Íslands í Nýju Delí, hafði yfirumsjón með skipulagningu funda í tengslum við ferðina. Tilgangur ferðarinnar af hálfu félagsins var að kanna möguleika á samstarfi í uppbyggingu og þróun í umhverfi Keflavíkurflugvallar.

Heimsókn til Noregs

Í ágúst fóru aðilar frá félaginu til Noregs í fræðsluferð til þess að kanna hvernig tekist hefði til við atvinnuþróun þar í landi. Heimsótt var annars vegar ITFornebu, sem er félag sem stendur að uppbyggingu á svæðinu sem hýsti áður Fornebu flugvöll í Ósló, og hins vegar opinbera fyrirtækið SIVA í Prándheimi. Siva mætti lýsa sem blöndu af Byggðastofnun og Nýsköpunarmiðstöð í Noregi. Þar sem atvinnuuppbyggingar er þörf kemur Siva inn og byggir upp til lengri tíma. Einnig er Siva stór eigandi fasteigna. Mikil ánægja var með ferðina og eru þegar nokkur verkefni byrjuð út frá hugmyndum sem sköpuðust í ferðinni.

Gagnaver skoðuð í Texas

Í lok marsmánaðar skoðuðu fulltrúar Próunarfélagsins gagnaver Citigroup bankans í Austin í Texas sem ráðgert er að taka í notkun í lok árs 2008. Með í för voru einnig fulltrúar frá Samgönguráðuneyti, Fjárfestingastofu, Reykjanesbæ, Verne Holding, Íslenskum Aðalverktökum ásamt fleirum. Citigroup samstæðan rekur u.þ.b. 50 gagnaver víðs vegar um heiminn og fékk hópurinn greinargóða kynningu á því hvernig Citigroup hefur staðið að sinni uppbyggingu, ásamt því var farin skoðunarferð um gagnaverið sjálft.

Framkvæmda- og sölumál

Verne Global gengur frá samningum um gagnaver.

Þann 26.febrúar skrifaði Próunarfélag Keflavíkurflugvallar undir samning við Verne Holdings ehf. um sölu á húsi og leigu á lóð fyrir nýtt alþjóðlegt gagnaver við Keflavíkurflugvöll. Áætlað er að heildarfjárfesting Verne í verkefninu verði um 20 milljarðar króna á næstu fimm árum. Þá er áætlað að efnahagsleg áhrif verkefnisins verði um 40 milljarðar. Áætlað er að starfsmannafjöldi verði í upphafi um 15-20 en að gagnaverið skapi um 100 ný störf á næstu fjórum árum. Einnig skrifaði Verne á sama tíma undir samninga við Landsvirkjun um kaup á raforku og Farice um gagnaflutninga. Tafir hafa orðið á verkefninu vegna efnahagsástandsins en nýjar áætlanir gera ráð fyrir að gagnaverið taki til starfa á fyrsta ársfjórðungi árið 2010.

Hjálpræðisherinn kaupir húsnæði undir starfsemi sína

Í lok sumars var gengið frá kaupum Hjálpræðishersins á byggingu nr. 730 við Flugvallarbraut. Eftir breytingar á húsnæðinu hóf herinn starfsemi á svæðinu þar sem þeir bjóða meðal annars upp á safnaðar-, fjölskyldu-, tónlistar- og félagsstarf fyrir íbúa Reykjaness.

Veitukerfi vatnsveitu og rafveitu yfirtekið af HS veitum

Í maí komust Próunarfélagið og Hitaveita Suðurnesja hf. að samkomulagi um yfirtöku þeirra síðarnefndu á veitukerfum vatnsveitu og rafveitu á svæði félagsins. Samningar höfðu staðið yfir um nokkurt skeið en HS hf. hafði annast alla þjónustu við veitukerfin frá þeim tíma að Bandaríkjaher hvarf af svæðinu.

Samkvæmt samkomulaginu sér HS hf. um uppbyggingu á nýju 50-riða dreifikerfi raforku á svæðinu ásamt viðeigandi endurbótum á vatnsveitu svæðisins.



Frá framkvæmdum við umbreytingu rafdreifikerfis.
(Ljós.: HBB)



[Starfsemi ársins]

Þann 6.júní tók Hitaveita Suðurnesja fyrstu skóflustunguna vegna nýs rafdreifikerfis á gamla varnarsvæðinu. Skóflustungan var tekin í kjölfar kynningar á verkinu er haldinn var á skrifstofu Próunarfélags Keflavíkurflugvallar. Samkvæmt lögum nr. 135/2007 skal lögum rafdreifikerfis á umráðasvæði Próunarfélags Keflavíkurflugvallar að íslenskum stöðlum, vera að fullu lokið eigi síðar en 1. október 2010. Fyrsti áfangi verksins var endurnýjun rafdreifikerfis á iðnaðarhluta svæðisins, en einnig var áætlað að taka hluta íbúðarsvæðisins í þeim áfanga. Fyrsta áfanga verksins var lokið á síðari hluta ársins. Í beinu framhaldi var svo farið í vinnu við aðra hluta svæðisins og verður verkið unnið samfellt þar til því lýkur. Hönnun nýja rafdreifikerfisins var unnin í góðu samstarfi Próunarfélags Keflavíkurflugvallar og Hitaveitu Suðurnesja.

Endurbætur á rafkerfi

Í samræmi við þá áætlun er sett var upp við yfirtöku HS á veitukerfum og undanþágu vegna laga um notkun raffanga á svæðinu réðst Próunarfélagið í rafmagnsbreytingar á 6 byggingum og m.a. á skrifstofu félagsins. Voru unnar fullnaðarbreytingar á umræddum byggingum svo þær uppfylltu þær kröfur og staðla er slíkum byggingum ber samkvæmt íslenskum lögum.

Samið við Landhelgisgæsluna um hreinsun svæðis

Í ágúst var gerður samningur við Landhelgisgæsluna um leit að braki á þeim svæðum sem Varnarliðið nýtti áður til æfinga. Gerir samningurinn ráð fyrir því að á næstu árum fari Landhelgisgæslan skipulega yfir þessi svæði með viðeigandi búnaði og fjarlægji þá aðskotahluti sem finnast.

Endurbætur á Eldey

Frumkvöðlasetrið Eldey hósti áður verkfræðideild bandaríska hersins, Public Works. Á sumarmánuðum fékk Eldey mikla yfirhalingu þar sem húsnæðinu var gjörbreytt. Var rafmagn lagað að Evrópustöðlum, auk þess sem settar voru upp skólastofur, skrifstofur og opið miðrými. Annar hluti hússins, smiðjuhluti þess, fékk hinsvegar að halda sér að mestu leyti. Í smiðjuhúsnæðinu hafa frumkvöðlafyrirtæki aðstöðu til rannsókna, þróunar og framleiðslu.



Eldey, nýtt og glæsilegt frumkvöðlasetur á Ásbrú.

(Ljós.: HBB)



Endurbætur á grunnskóla

Á sumarmánuðum réðst Próunarfélagið í endurbætur á byggingu nr. 624 svo hægt væri að setja á laggirnar grunn- og leikskóla fyrir íbúa svæðisins. Byggingin er um ræðir var áður barnaskóli fyrir börn varnarliðsmanna og hefur nú fengið nafnið Háaleitisskóli.

Miðuðust framkvæmdir við að húsnæðið uppfyllti allar kröfur með tilliti til þess aðbúnaðar, staðla og öryggiskrafna er gerðar eru til slíkra bygginga, þar á meðal um rafmagn og skipulag. Var hluti byggingarinnar tekin í notkun í fyrstu umferð en gert er ráð fyrir að aðrir hlutar byggingarinnar verði teknir í notkun í samræmi við fjölgun íbúa á svæðinu.

Samhliða þessu var hafist handa um að leggja nýjan tengiveg frá Seljubraut að plani byggingar nr. 639 til þess að bæta aðgengi að skólanum. Ennfremur þurfti að tengja lýsingu við bílastæði Háaleitisskóla og götulýsingu í kringum leikskólann.

Virkjun mannaúðs á Reykjanesi

Í október réðst Próunarfélag Keflavíkurflugvallar í framkvæmdir á skrifstofuhúsnæði til að koma af stað samstarfsverkefni um hugmyndahús. Hugmyndahúsið er samstarfsverkefni Próunarfélags Keflavíkurflugvallar, sveitarfélaganna á Suðurnesjum, Vinnumálastofnunar og verkalýðsfélaga ásamt fyrirtækjum og menntastofnunum á svæðinu.

Hraðahindranir á Grænásbraut.

Próunarfélag Keflavíkurflugvallar setti upp tvær hraðahindranir á Grænásbraut og eina á Suðurbraut þar sem íbúabyggð er hvað mest á svæðinu. Var framkvæmdin unnin í samráði við skipulagsyfirlögd og lögreglu í Reykjanesbæ, og var góður rómur gerður að verkinu. Einnig voru sett upp ný umferðarskilti er miðuðust við nýja skipan götuheita á svæðinu.

Niðurrif bygginga

Í lok árs var farið í niðurrif á mannvirkjum á svæðinu bæði á byggingum og girðingum ásamt minniháttar frágangi. Þar á meðal voru „Kínahús á Bunker Hill“ sem hvort um sig voru um 650 fermetrar, tveggja hæða steinsteypt íbúðablokk fyrir einhleypa við Lindargötu sem var alls 2400 fermetrar, umferðarvarðskýli á Flugvallarvegi ásamt kaffiskýli, gangstétt og rotþró. Girðing ásamt ljósaustaurum var einnig fjarlægð frá horni gegnt hitaveitutönkum á mörkum Reykjanesbrautar og Flugvallarvegjar fram hjá gömlu sorpeyðingarstöðinni og að mörkum Varnarmálastofnunar.

Íþróttavellir

Farið var í smávægilegar breytingar á íþróttahúsi til þess að koma starfsemi Íþróttavalla ehf. í gang. M.a. var danssal efri hæðar íþróttahússins breytt til að uppfylla íslenskar reglugerðir. Í kjölfar þess var mögulegt fyrir ballettakademiuna Bryn Ballett að hefja rekstur í Ásbrú.



Kennsla hjá Keili.

Helstu atburðir ársins á svæðinu

Góður gangur hjá Keili

Uppgangur Keilis á árinu vakti mikla athygli og hafa aðstandendur skólans sýnt geysimikinn styrk í að byggja upp háskólasamfélag frá grunni á ótrúlega stuttum tíma. Þann 9.ágúst var fyrsta útskrift Keilis, einungis 15 mánuðum eftir að skólinn var stofnaður. Alls útskrifuðust 85 manns af Háskólabróu Keilis, þar af 33 af félagsvísinda- og lagadeild, 8 af hugvísindadeild, 24 af verk- og raunvísindadeild og 20 af viðskipta- og hagfræðideild. Haustið 2008 byrjuðu fyrstu námskeiðin á háskólastigi þegar eins árs frumkvöðlanám Keilis hóf göngu sína. Í september gekk Samgöngu- og öryggisskóli Keilis frá kaupum á fimm glænýjum kennsluflugvélum frá Diamond verksmiðjunum í Austurríki. Fjöldi nemenda Keilis í lok árs 2008 var um 400.

Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar

Árið 2007 festi Þjóðkirkjan kaup á Kapellu Ljóssins, þar sem áður var kirkja Varnarliðsins, í þeim tilgangi að koma á fót rannsóknar- og fræðslustofnun í trúarbragða- og guðfræðum. Á kirkjuþingi, sem haldið var í lok október var stofnskrá hennar samþykkt og henni gefið nafnið Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar. Stofnunin er stofnuð í samstarfi við Guðfræðistofnun Háskóla Íslands og mun starfa í samstarfi við Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Hlutverk stofnunarinnar er, eins og áður segir, að vinna að rannsóknum og fræðslu í trúarbragðafræði og guðfræði í þeim tilgangi að auka þekkingu og skilning á trúarbrögðum heimsins og stuðla að sáttargjörð ólíkra trúarviðhorfa, vinna gegn tortryggni og efla skilning og umburðarlyndi.

Listasmiðjan opnar

Fjölmarginir íbúar Reykjanesbæjar mættu á opnun Listasmiðjunnar á Ásbrú laugardaginn 3. maí. Listasmiðjan er til húsa í byggingu á Víkingabraut nr. 773, sem á tímum hersins gekk undir nafninu Hobby Center. Listasmiðjan var formlega opnuð á árlegri frístundahelgi í Reykjanesbæ. Við opnunina var Listasmiðjan formlega afhent menningar- og tólmstundahópum í Reykjanesbæ til afnota. Í tilefni af opnun Listasmiðjunnar var haldin handverkssýning þar sem ýmis félög kynntu starfsemi sína, s.s Gallerí Björg og Gallerí Svarta pakkhúsið, Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ, Einstakir (tréskurðarfélag), Ljósop (félag áhugaljósmyndara) og Kvinnakór Suðurnesja. Að auki kynntu skátarnir, píluklúbburinn, bíla- og tækjaklúbburinn og bifhjólaklúbburinn Ernir starfsemi sína.



Nýja húsnæði Gagnavörslunnar á Ásbrú, í gamla „commisary“.

(Ljós.: HBB)

Kvikmyndatökur á svæðinu

Tvær kvikmyndir voru að hluta teknar upp á svæðinu á árinu. Var þar annars vegar um að ræða kvikmynd Dags Kára Péturssonar, The Good Heart, sem skartar stjórnunum Paul Dano (sem er þekktastur fyrir hlutverk prests í kvikmyndinni „There will be blood“) og Brian Cox (sem hefur leikið í tugum kvikmynda þar á meðal „Braveheart“, „Troy“ og „Zodiak“). Var myndin tekin að hluta til í sjúkrahúsi Próunarfélagsins.

Hitt kvikmyndaverkefnið var frumraun byggingar nr. 501 sem kvikmyndavers fyrir myndina „Reykjavik Whale Watching Massacre“. Í því verkefni voru nokkrar sviðsmyndir smíðaðar samtímis í byggingu nr. 501 en einnig var sundlaugin notuð fyrir „sjávertökur“. Báðar verða kvikmyndirnar frumsýndar á árinu 2009.

Gagnavarslan flytur á svæðið

Á fyrri hluta árs hóf Gagnavarslan ehf. að byggja upp starfsemi í byggingu nr. 868. Gagnavarslan er þekkingarfyrirtæki sem býður upp á heildarlaun á sviði skjalamála og varðveislu. Fyrirtækið var stofnað í nóvember 2007 og býður upp á sérfræðiþjónustu við greiningu rekstrarferla og gerð skjalaáætlana. Þá sér fyrirtækið um að varðveita gögn eins og skjöl (bæði rafrænt og á pappír), muni og menningarminjar fyrir fyrirtæki og stofnanir á öruggan og skipulagðan hátt, þar sem þau eru jafnframt aðgengileg með litlum fyrirvara. Þá hefur fyrirtækið byggt upp sérfræðiþekkingu á skönnun og umbúðum fyrir slíka varðveislu.

Álgluggaverksmiðjan Idex hóf starfsemi

Í maí hóf álgluggaverksmiðjan Idex formlega starfsemi á Ásbrú. Fyrirtækið er í eigu Formaco og kom sér fyrir í húsnæði nr. 2300 í iðnaðarhverfinu. Idex sérhæfir sig, eins og nafnið gefur til kynna, í smíði álglugga.

Officeraklúbburinn lifnar við

Vorið 2008 var hinn sögufrægi Officeraklúbbur loks tekinn í notkun aftur. Var það til þess að halda utan um svokallað Bergásball, sem er velþekktur menningaratburður hjá ákveðnum aldurshópi á Suðurnesjum. Í kjölfarið var klúbburinn leigður út í tvígang fyrir stórtónleika með hljómsveitinni „Sálin hans Jóns mín.“

Tónleikar í Andrews leikhúsinu

Nokkrir aðilar tóku Andrews leikhúsið á leigu fyrir menningarviðburði. Má þar helst nefna Fjölbautaskóla Suðurnesja sem hafði verið í miklum vandræðum með húsnæði fyrir árlegar árhátíðarleiksýningar sýnar. Á Ljósanótt voru haldnir tónleikar með hljómsveitinni Hjaltalín og seinna um haustið leigði KarlaKór Keflavíkur leikhús undir tónleika sína þar sem þeir sungu dægurperlur af Suðurnesjum.



Bryndís og ballerínur
fram tíðarinnar.

(Ljós.: HBB)

Bryn Ballett kemur á Ásbrú

Pegar Bryndís Einarsdóttir danskennari, sem starfað hefur sem slíkur í Los Angeles, London og Tokyo flutti heim á árinu, stofnaði hún Bryn Ballett Akadémínuna sem hóf starfsemi í stúdíósal Íþróttahússins á Ásbrú í september. Jókst þar með íþrótt- og listaframboð á Ásbrú. Meðal markmiða Bryn Balletts er að veita nemendum skilning á færni, styrkleika líkamans og listrænni tjáningu einstaklingsins ásamt því að hlúa að sjálfstrausti og öryggi nemenda.

Veitinga- og kaffihúsið Langbest² opnar

Hjónin Ingólfur Karlsson og Helena Guðjónsdóttir opnuðu í júní veitinga- og kaffihús í byggingu nr. 771 sem á tímum hersins hósti skyndibitastaðinn Wendys. Nýi staðurinn fékk heitið Langbest² en hjónin reka fyrir veitingastaðinn Langbest í miðbæ Reykjanesbæjar. Staðurinn er glæsilegur í alla staði og skiptist hann í veitinga- og kaffihús. Langbest² hefur sæti fyrir 100 manns. Matseðillinn verður sá sami og á gamla Langbest en að auki býður Langbest² upp á hádegishlaðborð, súpu og salat. Langbest² er einnig kaffihús með vínveitingaleyfi og er kaffihúsið rekið í samstarfi við Kaffitár.

Sýning um varnarliðið

Í kringum Ljósanótt tók Flug- og sögusetur Reykjanes byggingu nr. 349 á leigu til þess að halda sýningu um sögu Varnarliðsins og Keflavíkurflugvöll. Mikill áhugi var á sýningunni og margir gestir á Ljósanótt litu inn.

Íbúar ánægðir með uppbygginguna

Í maí 2008 kannaði Capacent Gallup viðhorf íbúa sem leigðu húsnæði á Ásbrú. Í ljós kom að yfirgnæfandi meirihluti íbúa var mjög ánægður með íbúðir sínar og uppbygginguna sem hafði átt sér stað frá því Bandaríkjaher yfirgaf svæðið.

Á meðal helstu niðurstaðna könnunarinnar var að 87,4% íbúa voru ánægðir eða mjög ánægðir með Ásbrú sem stað til þess að búa á og 92,5% svarenda töldu að uppbygging á Ásbrú hefði tekist vel.



Frá starfsemi Háaleitisskóla á sínu fyrsta starfsári.

Fyrsti skóladagurinn í Háaleitisskóla

Próunarfélagið gerði upp grunnskólann á svæðinu og í lok ágúst var fyrsti skóladagur í Háaleitisskóla en 94 nemendur voru skráðir í skólann við skólasetningu.

Skólinn er í upphafi ætlaður nemendum í 1. til 5. bekk grunnskóla en nemendurnir eiga það flestir sameiginlegt að foreldrar þeirra stunda nám við Keili eða eru íbúar í stúdentaíbúðum á svæðinu. Háaleitisskóli er rekinn sem útibú frá Njarðvíkurskóla og undir stjórn skólustjórnenda Njarðvíkurskóla, sem jafnframt leggur skólanum til kennara. Þrír starfsmenn frá grunnskóla Hjallastefnunnar, sem rekinn var á svæðinu sl. vetur, vinna við Háaleitisskóla.

Eldey opnar

Þann 14.mái undirrituðu Keilir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Háskóli Íslands og Próunarfélag Keflavíkurflugvallar samning um uppbyggingu og rekstur frumkvöðla- og orkuseturs á Ásbrú.

Setrið er staðsett í byggingunni sem áður hýsti verkfræðideild bandaríska hersins, Public Works, og fékk nafnið Eldey. Hlutverk Eldeyjar er að skapa þekkingarumhverfi, aðstöðu og umgjörð fyrir frumkvöðla til að vinna að nýsköpun og að veita þeim faglega þjónustu og stuðning við framgang hugmynda sinna. Auk þess mun Eldey hýsa hluta af kennslu Keilis. Eftir mikla vinnu yfir sumarmánuðina hófst starfsemi í Eldey í september. Á meðal fyrstu leigjenda frumkvöðlasetursins voru fyrirtækin Táknsmiðjan, Thermice og HBT.

Virkjun sett á laggirnar

Síðla hausts fóru sveitafélög á Reykjanesi, ásamt fleiri aðilum, fram á það við Próunarfélagið að það legði af mörkum húsnæði til þess að bregðast við snöggum breytingum í efnahagslífi landsins. Úr varð að „Virkjun, miðstöð mannauðs á Suðurnesjum“ var opnað í desember í 1600 fermetra húsnæði sem áður hýsti tölvu- og bókhaldsdeild Varnarliðsins. Próunarfélagið gerði upp húsnæði til þess að það hentaði fyrir reksturinn.

Hugmyndin á bak við Virkjun er sú að þarna verði starfsemi fyrir sem flesta – hvort sem um er að ræða atvinnulausa, frumkvöðla, nemendur eða aðra áhugasama. Í boði verða stutt námskeið, lengra nám og námsleiðir, fyrirlestrar, viðburðir og ráðgjöf af ýmsum toga.

Ársreikningur



Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Félagið var stofnað 24. október 2006. Markmið og tilgangur félagsins er að leiða þróun og umbreytingu á fyrrum varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli til borgaralegra nota. Í því felst meðal annars nauðsynleg undirbúningsvinna, svo sem úttekt á svæði og mannvirkjum ásamt þróunar- og vaxtarmöguleikum þess í samráði við þá aðila sem hafa hagsmuna að gæta. Þá mun félagið á grundvelli þjónustusamnings við ríkið annast rekstur, umsjón og umsýslu tiltekinna eigna Íslenska ríkisins á svæðinu, þar með talið umsjón með sólu og útleigu eigna, hreinsun svæða, niðurrif mannvirkja og önnur skyld verkefni. Einnig mun verða hægt að fela félaginu önnur verkefni sem tengjast úttektum, þróun og umbreytingu á svæðinu.

Þjónustusamningur við ríkið var undirritaður 8. desember 2006. Breytingar hafa verið gerðar á fjármögnunarbætti samningsins og eru tekjur félagsins ákvarðaðar á fjárlögum samkvæmt áætlun félagsins um framkvæmd verkefna. Félagið hefur einnig leigutekjur af leigðum fasteignum á þróunarsvæðinu ásamt öðrum sértekjum.

Ársreikningur Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Samkvæmt rekstrarreikningi var 171,1 m.kr. hagnaður af rekstri félagsins. Fjárfesting í tækjum og búnaði á árinu nam 1,4 m.kr. Í árslok námu eignir félagsins 356,1 m.kr., skuldir 123,3 m.kr. og eigið fé var 232,8 m.kr. skv. efnahagsreikningi.

Stjórnin vísar til ársreiknings varðandi ráðstöfun rekstrarniðurstöðu.

Hlutafé félagsins er 20 m.kr. og er ríkissjóður eini hluthafinn.

Stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með áritun sinni.

Keflavíkurflugvelli, apríl 2009

Stjórn

Framkvæmdastjóri



Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðun án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einning í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, apríl 2009

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

Karlotta B. Aðalsteinsdóttir,
endurskoðandi.



Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýringar	2008	2007
Rekstrartekjur			
Þjónustugreiðslur ríkissjóðs	10	874.689.211	1.106.430.427
Húsaleiga		140.240.016	110.833.441
Aðrar tekjur		12.111.085	5.379.299
		<u>1.027.040.312</u>	<u>1.222.643.167</u>
Rekstrargjöld			
Almennur rekstur verkefna		846.828.944	999.587.200
Laun og launatengd gjöld	6	60.704.974	50.924.388
Annar rekstrarkostnaður		29.450.088	28.697.339
Afskriftir		1.891.069	502.952
		<u>938.875.075</u>	<u>1.079.711.879</u>
Rekstrarhagnaður		88.165.237	142.931.288
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	<u>113.089.802</u>	<u>17.099.015</u>
Hagnaður (tap) fyrir skatta		201.255.039	160.030.303
Tekjuskattur	5	(30.188.256)	(28.805.455)
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>171.066.783</u></u>	<u><u>131.224.848</u></u>



Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýringar	2008	2007
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstarfjármunir:			
Áhöld og tæki		1.947.669	1.291.931
Húsgögn og búnaður		3.562.500	4.750.000
	1	<u>5.510.169</u>	<u>6.041.931</u>
Verðbréf og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	2	<u>17.000.000</u>	<u>17.000.000</u>
		<u>17.000.000</u>	<u>17.000.000</u>
	Fastafjármunir samtals	<u>22.510.169</u>	<u>23.041.931</u>
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	9	101.013.404	44.287.570
Birgðir		0	42.750.000
Viðskiptakröfur		31.984.964	40.015.494
Aðrar skammtímakröfur		9.255.570	21.524.488
Handbært fé		<u>191.348.266</u>	<u>141.916.613</u>
	Veltufjármunir samtals	<u>333.602.204</u>	<u>290.494.165</u>
Eignir samtals		<u><u>356.112.373</u></u>	<u><u>313.536.096</u></u>



Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2008	2007
Eigið fé			
Hlutfé		20.000.000	20.000.000
Lögbundinn varasjóður		2.000.000	2.000.000
Óráðstafað eigið fé		<u>210.830.024</u>	<u>39.594.741</u>
	3	<u>232.830.024</u>	<u>61.594.741</u>
Skuldir			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	5	<u>1.160.014</u>	<u>1.000.558</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		83.861.588	230.167.023
Aðrar skammtímaskuldir		8.400.447	12.641.231
Tekjuskattur	4	<u>29.860.300</u>	<u>8.132.543</u>
		<u>122.122.335</u>	<u>250.940.797</u>
Skuldir samtals		<u>123.282.349</u>	<u>251.941.355</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>356.112.373</u>	<u>313.536.096</u>



Sjóðstreymi árið 2008

	Skýringar	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) tímabilsins		171.066.783	131.224.848
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	1	1.891.069	502.952
Tekjuskattskuldbinding (inneign) breyting	5	<u>327.956</u>	<u>20.467.562</u>
		<u>173.285.808</u>	<u>152.195.362</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		63.049.448	(103.992.519)
Krafa á ríkissjóð		(56.725.834)	(44.287.570)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(128.818.462)</u>	<u>142.703.332</u>
		<u>(122.494.848)</u>	<u>(5.576.757)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>50.790.960</u>	<u>146.618.605</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð rekstrarfjármuna	1	(1.359.307)	(5.999.316)
Kaupverð eignarhluta		<u>0</u>	<u>(17.000.000)</u>
		<u>(1.359.307)</u>	<u>(22.999.316)</u>
Hækkun á handbæru fé		49.431.653	123.619.289
Handbært fé í byrjun tímabils		<u>141.916.613</u>	<u>18.297.324</u>
Handbært fé í lok tímabils		<u>191.348.266</u>	<u>141.916.613</u>



Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er hér grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt óverðleiðréttri kostnaðarverðsreglu og er í íslenskum krónum.

Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem þeim tengjast. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metin geta, við sölu eða innlausn, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Seldar vörur og þjónusta eru færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

Lotun gjalda

Kostnaður er færður í ársreikninginn á því tímabili sem til hans er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti afk auðverði. Afskriftarhlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

		Áætlaður endingartími
Áhöld og tæki	30%	3 - 4 ár
Húsgögn og búnaður	25%	4 - 5 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Áhættufjármunir

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast efkröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.



Reikningsskilaaðferðir

Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Frestuð skatteign er færð vegna tímabundinna mismuna efl íkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattur á hagnað eða tap inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.



Skýringar

1. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:	Húsgögn og búnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1. janúar	4.750.000	1.806.491	6.556.491
Keypt á árinu	0	1.359.307	1.359.307
Heildarverð 31. desember	<u>4.750.000</u>	<u>3.165.798</u>	<u>7.915.798</u>
Afskrifað 1. janúar	0	514.560	514.560
Afskrifað á árinu	1.187.500	703.569	1.891.069
Afskrifað 31. desember	<u>1.187.500</u>	<u>1.218.129</u>	<u>2.405.629</u>
Bókfært verð 31. desember	<u>3.562.500</u>	<u>1.947.669</u>	<u>5.510.169</u>
Fyrningarhlutföll	25%	30%	

Keypt húsgögn og búnaður eru staðsett í íbúðarhúsnæði og skrifstofuhúsnæði félagsins.

2. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinist þannig:	Eignarhlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf	2,9%	10.000.000	10.000.000
Íþróttavellir ehf	33,3%	7.000.000	7.000.000
		<u>17.000.000</u>	<u>17.000.000</u>

3. Eigið fé

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Eigið fé óráðstafað	Samtals
Flutt frá fyrra ári	20.000.000	2.000.000	39.594.741	61.594.741
Breyting á skattskuldbindingu f.f. ári			168.500	168.500
Hagnaður ársins			171.066.783	171.066.783
Eigið fé í lok tímabils	<u>20.000.000</u>	<u>2.000.000</u>	<u>210.830.024</u>	<u>232.830.024</u>

4. Skattar

Áætlaður tekjuskattur til greiðslu er færður meðal skammtímaskulda.



Skýringar

5. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins yrðu seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í árbyrjun 2008	1.000.558
Breyting á skuldbindingu vegna lækkunar skattprósentu	(168.500)
Reiknaður tekjuskattur ársins	30.188.256
Tekjuskattur til greiðslu árið 2009	(29.860.300)
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember 2008	<u>1.160.014</u>

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) félagsins er uppfærð í efnahagsreikningi en hún samanstendur af eftirfarandi liðum:

Varanlegir rekstrarfjármunir	162.526
Viðskiptakröfur	997.488
	<u>1.160.014</u>

6. Launagjöld

	2008	2007
Laun	48.433.287	39.751.344
Ökutækjastyrkur	2.562.556	1.740.703
Áfallið orlof	1.929.053	2.807.979
Launatengd gjöld	7.780.078	6.624.362
	<u>60.704.974</u>	<u>50.924.388</u>

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 5,6 starfsmenn á árinu 2008 en heildarfjöldi starfsmanna var 8. Póknun og hlunnindi til stjórnenda námu 25,3 m.kr.

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur	113.306.827	17.503.056
Vaxtagjöld	(217.025)	(404.041)
	<u>113.089.802</u>	<u>17.099.015</u>

8. Skuldbindingar

Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga um rekstur á tveimur bifreiðum.



Skýringar

9. Ríkissjóður, viðskiptareikningur

Kaupsamningsgreiðslur innheimtar	(3.475.710.972)
Kaupsamningsgreiðslur greiddar til ríkissjóðs	3.475.710.972
Ofgreitt til ríkissjóðs vegna færslu gjalddaga á kaupsamningi	7.143.766
Þjónustutekjur frá ríkissjóði 2006-2007 skv. ársreikningi 2007	1.106.430.427
Þjónustutekjur frá ríkissjóði 2008 skv. ársreikningi 31.12.2008	874.689.211
Lausafjármunir seldir með fasteignum færðir á ríkissjóð	42.750.000
Greiðslur frá ríkissjóði 2007-2008	(1.930.000.000)
	<u>101.013.404</u>

10. Þjónustutekjur frá ríkissjóði

Þjónustutekjur frá ríkissjóði reiknast jafnháar og útlagður kostnaður við verkefni unnin samkvæmt þjónustusamningi.

Rekstur mannvirkja	748.347.914,00
Próunar-, skipulags og markaðsmál	96.661.230,00
Mengunarmál	29.680.067,00
	<u>874.689.211,00</u>